

DigiRehab

Velferðartæknimat



Verkefnið

Velferðartæknismiðja Reykjavíkurborgar framkvæmdi prófanir á DigiRehab í samstarfi við Sóltún Heima og heimaþjónustu í Furugerði.

DigiRehab er veflausn sem virkar best á spjaldtölvu. Tilgangur hugbúnaðarins er að gera ófaglærðu starfsfólki í heimaþjónustu kleift að veita eldri borgurum leiðbeinandi styrktarþjálfun sem byggir á viðurkenndum aðferðum sjúkraþjálfunar.

DigiRehab inniheldur færniþróf, einfaldar æfingar, kennslumyndbönd og skráningarform fyrir framvindu íbúa. Ferlið er þannig að eftir að starfsfólk hefur lokið grunnnámskeiði fer það sjálf í fyrstu heimsókn til íbúa og framkvæmir færniþróf. Kerfið útbýr þá sjálfkrafa sérsniðna æfingaráætlun sem byggir á innslegnum gögnum færniþrófsins.

Alls tóku 20 íbúar í Furugerði þátt í verkefninu. Að lokum voru það 17 manns sem luku við þjálfunartímabilið, 11 konur og 6 karlar.

Prófanir fóru fram árið 2019

Nánari upplýsingar varðandi tæknina og prófanir má nálgast hjá Velferðartæknismiðju Reykjavíkurborgar.

VTS@REYKJAVIK.IS

Niðurstöður

Starfsfólk var jákvætt gagnvart notkun DigiRehab og lausnin eykur fjölbreytni starfsins og starfsfólk fann fyrir aukinni ábyrgð í starfi. Eftir að hafa fengið þjálfun við notkun lausnarinnar þótti hún einföld í notkun.

Ekki gafst svigrúm til að prófa lausnina við raunaðstæður þjónustunnar, þar sem þjónusta DigiRehab hentar ekki núverandi starfsumhverfi. Tilraunaverkefnið var því unnið í yfirvinnu starfsfólks.

Lausnin krefst töluverðar þjálfunar starfsfólks og tíma sem annars fer í önnur verkefni.

Þátttakendur sem luku þjálfunarferlinu sýndu allir fram á aukna hreyfigetu og upplifðu betri líðan. Æfingarnar þóttu hins vegar krefjast af mikillar skuldbindingar af hálfu íbúa.

Prófanir sýndu að ófaglærðir starfsmenn heimaþjónustu geta með notkun tækninnar leiðbeint skjólstæðingum við æfingar á öruggan hátt. Lausnin hentar þó ekki núverandi starfsumhverfi.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið